

## Fundargerð félagsfundar FHA 30. sept. 2009

Félagsfundur í Félagi háskólakennara á Akureyri haldinn miðvikudaginn 30. sept. 2009 kl. 12 – 13.15 í stofu 316 á Borgum. Yfirskrift: Hvað býr í þokunni? Félagið bauð upp á létt hádegissnarl fyrir fundinn. Fundinn sóttu um 37 manns.

Helgi Gestsson, formaður FHA, setti fundinn og bauð fólk velkomið. Hann lagði til að fundarstjóri yrði kjörin Arnheiður Eypórsdóttir og fundarritarar Páll Björnsson og Erlendur Steinar Friðriksson. Hvort tveggja var samþykkt.

Dagskrá:

1. Kosning trúnaðarmanna

Kjartan Ólafsson ræddi um mikilvægi trúnaðarmanna, sérstaklega á þeim tímum sem við værum að sigla inn í. Hann kynnti tillögu stjórnar félagsins að þremur trúnaðarmönnum, einum á hverri starfsstöð félagsins. Tillagan var samþykkt og voru eftirtalin kjörin með lófataki: Guðmundur Kristján Óskarsson (Borgir), Heiða Kristín Jónsdóttir (Sólborg) og Hermína Gunnþórsdóttir (Þingvallastræti).

2. Stutt kynning á heimasíðu og nýju merki félagsins

Kjartan Ólafsson annaðist kynninguna og sýndi fundarmönnum hvernig nýta mætti sér heimasíðuna. Þá ræddi hann um hlutverk framkvæmdastjóra félagsins.

3. Um væntanlegan niðurskurð í rekstri HA

Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri HA, flutti framsögu um fjárhagsstöðu HA. Hann kynnti tölur um væntanleg fjárframlög ríkisins til HA á næstu þremur árum en þær byggjast á því að niðurskurður til háskólanna verði flatur. Miðað við það þá liti dæmið þannig út að frumvarp til fjárlaga 2009 voru 1477 en endanlega fjárlög 1357, eða lækkun um 120 (8,1%). Áætluð fjárlög 2010 eru 1242 eða lækkun um 115 (8,5%), 2011 eru áætluð fjárlög 1162, lækkun um 80 (6,5%) og 2012 eru áætluð fjárlög 1097 eða lækkun um 65 (5,6%). Þetta þýðir samdrátt á þessum fjórum árum um 380 eða ca. 25%.

Hann lagði áherslu á að engar ákvarðanir hefðu verið teknar innan HA um það hvernig ætti að bregðast við þessum nýju aðstæðum en undanfarna mánuði hafi margir möguleikar verið skoðaðir. Staðan væri erfið vegna þess að árlegur launakostnaður HA væri nú rúmlega 1 milljarður kr. Nokkrar umræður urðu í lok framsögu Ólafs og tóku m.a. Hreiðar Þór Valtýsson, Erlendur Steinar Friðriksson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Rachael Lorna Johnstone til máls. M.a. kom fram í svörum Ólafs að sagt hefði verið upp öllum fastlaunasamningum HA frá og með næstu áramótum og að árlegur kostnaður við yfirvinnu starfsmanna væri um 120 m., auk 25 m. við fasta yfirvinnu. Rætt var um leigusamninginn á Borgum en nú greiðir HA 120 m. árlega í leigu til Landic Properties. Fram kom að samningurinn sé fastur til 2014 að öllu óbreyttu. Í fyrra fékk HA aukafjárveitingu uppá 200 millj. til að greiða niður 300 millj. Kr. uppsafnaðan rekstrarhalla fyrri ára. Enn standa þó eftir um 100 millj. Stefnt er að nokkurra millj. kr. rekstrarafgangi á þessu ári. Við HA eru í námi 100 færri nemar en greitt er fyrir s.kv. „líkaninu“

4. Hlutverk FHA á niðurskurðartímum - Kjaramál

Helgi Gestsson ræddi almennt um kaup og kjör félagsmanna. Hann sagði frá gangi kjaraviðræðna við ríkið, stöðu stofnanasamningsins við HA og hvaða hlutverk FHA hafi á þeim óvissutímum sem framundan eru (sjá nánar glærur HG í fylgiskjali).

5. Önnur mál

Engin mál undir þessum lið.

6. Umræður

Opnað var fyrir almennar umræður og fyrirspurnir. Ýmsir tóku til máls og var komið víða við:

- Rósa Guðrún Eggertsdóttir: vísaði í glæru 7 hjá Helga Gestssyni og vildi leggja áherslu á að verja störf, vildi ekki lækka starfshlutfall. Kanna meðal félagsmanna hverjar áherslur ættu að vera. Nýsköpun? Huga að yfirtíð.
- Helgi Gestsson: á HÍ að vera miðmið HA í kjörum?
- Edward H. Huijbens: fordæmir flatan niðurskurð, vill standa vörð um kjör (sbr. finnska reynslan), komumst að því hver við erum, hver er okkar sérstaða og sækjum þar fram, t.d. fjarkennsla og landsbyggðarháskóli.
- Ólafur Halldórsson: erfitt verður að skera flatt niður næstu árin.
- Hrefna Kristmannsdóttir: verðum að skera e-ð burt og skerpa á því sem vel gengur.
- Hans Kristján Guðmundsson: tók undir með Edward, vildi horfa fremur til tækifæranna og skerpa á því sem vel gengur.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson: horfir til erlends rannsóknarfjármagns, veltir því sér hvort slíkt geti greitt fyrir hluta af stoðþjónustu, vill fjárfesta í sókn í rannsóknarsjóði.
- Júlíana Lárusdóttir: spurning hvort aukin sérhæfing (skarpari sýn) og landsbyggðarháskóli fari saman.
- Hreiðar Þór Valtýsson: eru tækifæri (les. peningar) í erlendum nemum?